

## ÁKVÖRDUN nr. A3

2012/EES/54/04

frá 17. desember 2009

**um uppsöfnun óslitinna útsendingartímabila sem lokið er við samkvæmt  
reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)  
nr. 883/2004 (\*)**

(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNA-  
TRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl um samræmingu almannatryggingakerfa <sup>(1)</sup>, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitæfni er lúta að framkvæmd og túlkun í tengslum við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af 5. gr. og 14.-21. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í þessari ákvörðun merkir hugtakið „útsending“ sérhvert tímabil sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa lokið þegar einstaklingur stundar starf sitt í öðru aðildarríki en lögbæra aðildarríkinu í samræmi við ákvæði 14. gr. (1. mgr.), 14. gr. a (1. mgr.) og 14. gr. b (1. eða 2. mgr.) í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 <sup>(3)</sup> og 12. gr. (1. eða 2. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 883/2004.
- 2) Ákvæði 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004, sem gera ráð fyrir undantekningu frá almennu reglunni sem mælt er fyrir um í a-lið 3. mgr. 11. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, miða einkum að því að auðvelda vinnuveitendum, sem senda launþega til starfa í öðrum aðildarríkjum en þar sem þau hafa staðfestu, að nýta frelsið til að veita þjónustu og jafnframt að auðvelda starfsmönnum að nýta frelsi til farar til annarra aðildarríkja. Ákvæði þessi miða einnig að því að ryðja úr vegi hindrunum sem líklegt má telja að hindri frjálsa för starfandi fólks og að því að hvetja til efnahagslegs samruna jafnframt því að forðast stjórnsýsluvandkvæði, einkum að því er varðar starfsmenn og fyrirtæki.

- 3) Grundvallarskilyrðin fyrir beitingu 1. mgr. 12. gr. fyrrnefndrar reglugerðar eru að bein tengsl séu milli vinnuveitandans og starfsmanns hans og að tengsl séu fyrir hendi milli vinnuveitandans og aðildarríkisins þar sem hann hefur staðfestu. Grundvallarskilyrðið fyrir beitingu 2. mgr. 12. gr. fyrrnefndrar reglugerðar er að í aðildarríkinu, þar sem einstaklingurinn hefur staðfestu, sé alla jafna stunduð starfsemi sem er sambærileg að verulega leyti.

- 4) Samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1408/71 getur fyrirsjáanleg útsending ekki staðið lengur en í 12 mánuði með allt að 12 mánaða framlengingu við ófyrirsjáanlegar aðstæður. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 883/2004 getur fyrirsjáanleg lengd útsendingar samanlagt ekki farið yfir 24 mánuði.

- 5) Framlenging á óslitnu útsendingartímabili fram yfir hámarks lengdina, sem kveðið er á um í reglugerðunum, kallar á samkomulag skv. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 eða 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

- 6) Í reglugerð (EB) nr. 883/2004 eru engin skýr umbreytingarákvæði um uppsöfnun útsendingartímabila sem lokið er samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EB) nr. 883/2004. Ætlun löggjafans var að framlengja mögulegt, fyrirsjáanlegt hámarkstímabil útsendingar úr 12 mánuðum í allt að 24 mánuði. Málsmeðferð og önnur skilyrði fyrir útsendingu breyttust ekki sem neinu nemur.

- 7) Lagaleg samfella skal vera milli gömlu og nýju reglugerðanna og tryggja skal samræmda beitingu reglna um útsendingu á umbreytingartímabilinu milli reglugerða (EBE) nr. 1408/71 og (EB) nr. 883/2004.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB C 149, 8.6.2010, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 21.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2.

Í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Við útreikning á óslitnu útsendingartímabili í samræmi við reglugerð (EB) nr. 883/2004 skal taka tillit til allra útsendingartímabila, sem lokið er samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 1408/71, þannig að samanlagt tímabil óslitinnar útsendingar sem lokið er í samræmi við báðar reglugerðirnar geti ekki verið lengra en 24 mánuðir.
2. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

*Formaður framkvæmdaráðsins,*

Lena Malmberg

---